



**Karlakór Hreppamanna  
Vortónleikar 2026**

**Lyftum andanum inn í vorið**

**Guðríðarkirkju 14. apríl kl. 20:00**

**Selfosskirkju 17. apríl kl. 20:00**

**Skálholtskirkju 18. apríl kl. 20:00**

**Verið hjartanlega velkomin**

VSV

VESTMANNAEYJAR  
ICELAND



VINNSLUSTÖÐIN HF



HAFNARGATA 2



900 VESTMANNAEYJAR



VSV@VSV.IS



VSV.IS

# HRUNAMANNAHREPPUR

## HEILL HEIMUR AÐ HEIMSÆKJA



Hrunamannahreppur er umvafinn Hvítá og Stóru Laxá. Kerlingarfjöll eru aðal aðdráttarafli hins stóra afréttar Hrunamanna.

Frá þéttbýlinu á Flúðum er stutt til margra helstu ferðamannaástaða landsins og því eru Flúðir frábær bækistöð fyrir þig og fjölskylduna á ferðalagi um Suðurland.

### Komdu og njóttu!

Fjölbreytt þjónusta og afþreying er í boði og engum ætti að leiðast. Sundlaugin á Flúðum, Gamla laugin, 18 holu golfvöllur, fótboltagolf, frisbigolf, hestaferðir, flúðasiglingar, söfn og fleira. Gönguleiðir, fjöll til að klífa og gljúfur til að skoða, allt innan seilingar.

Fjöldi veitingastaða og gistingualeika og auðvelt er að kaupa sér hollar og góðar matvörur og blóm beint frá býli.

Á Flúðum er óft langbesta veðrið á landinu, sól og hiti.\* Komandi því í heimsókn og njótið veðurblíðu og gestrisni Hrunamanna.



Ekki missa af hátíðum og viðburðum sumarsins í Hrunamannahreppi.

[www.fludir.is](http://www.fludir.is)



\*Segir Orr-Eliasson sem elskar sumrin á Flúðum.



# Kíktu í Kerlingarfjöll

Skelltu þér í dagsferð á hálandið! Gönguleiðir um magnaða náttúru, ilmandi vöfluhlaðborð og afslöppun í Hálendisböðunum.



**KERLINGARFJÖLL**  
HIGHLAND BASE

# Kæru tónleikagestir

Verið hjartanlega velkomin á tuttugustu og níundu vortónleika Karlakórs Hreppamanna.

Nafn kórsins gefur ekki alveg rétta mynd af því hvaðan kórfélagar koma. Þó kórinn hafi vissulega verið stofnaður og sé staðsettur í uppsveitum Árnassýslu koma söngmenn víðar að, svo sem af sunnan- og vestanverðu landinu. Kórinn er öflugur, með þéttan kjarna sem hefur starfað frá upphafi.



Eftir viðburðaríkt síðasta söngár, sem náði hápunkti í ferð til Vesturheims og þátttöku, ásamt Sprettskórnum, í hátíðarhöldum vegna 150 ára afmælis landnáms Íslendinga í Gimli, og þátttöku í hátíðarhöldum Vestur-Íslendinga í Mountain í Norður-Dakota, var ákveðið að núverandi starfsár yrði heldur minna í sniðum.

Yfirskrift tónleikanna þetta árið er „**Lyftum andanum inn í vorið**“. Efnisskrá kórsins er af léttara taginu og lagavalið hefur það að markmiði, líkt og ávallt, að næra andann og njóta. Sungin eru lög um vorið og einnig lög sem goðsögnin Ragnar Bjarnason hefur gert fleyg og snert hjörtu okkar Íslendinga í áratugi.

Nokkrir félagar úr kórnum munu stíga fram og skreyta tónleikana með samsöng. Þá njótum við að sjálfsögðu stuðnings og leiðsagnar okkar eðalmanna, Atla Guðlaugssonar, stjórnanda kórsins og Sigurðar Helga, píanóleikara. Auk þeirra koma fram með kórnum Mattías Stefánsson, „altmuligmaður“, sem spilar á ýmis hljóðfæri og nýr félagi í kórnum, Karl Hallgrímsson sem leikur á mandólin og rafbassa. Eins og undanfarin ár syngur okkar eini sanni Bjarni Atlason einsöng í nokkrum lögum. Það er einlæg von okkar kórfélaga að þið njótið tónleikanna.

Bestu þakkir fyrir komuna.

*Loftur Sn. Magnússon, formaður.*

# Efnisskrá vortónleika 2026

---

KARLAKÓR HREPPAMANNA

STJÓRNANDI: ATLI GUÐLAUGSSON

PÍANÓLEIKARI: SIGURÐUR HELGI

FIÐLA/MANDOLIN /GÍTAR: MATTHÍAS STEFÁNSSON

MANDOLIN/RAFBASSI: KARL HALLGRÍMSSON

EINSÖNGUR: BJARNI ATLASON

HJALTI GUNNARSSON

BJARNI ARNAR HJALTASON

HJÁLMMUR HJÁLMSOON

---

## VORVINDAR

*Richard Bennett/ Páll Helgason*

## NÚ KEMUR VORIÐ

*Birni Dam/Sigurður Óskar Pálsson/ úts. Atli Guðlaugsson*

## VORIÐ KEMUR

*Valgeir Guðjónsson/Jóhannes úr Kötlum/úts. Atli Guðlaugsson*

Einsöngur: Bjarni Atlason

## DÍSIR VORSINS

*Bjarki Árnason/úts. Stefán R. Gíslason*

Einsöngur: Bjarni A. Hjaltason, Hjálmur Hjálmsso

## VOR Í VAGLASKÓGI

*Jónas Jónasson/Kristján frá Djúpalæk/úts. Atli Guðlaugsson*

## VORNÓTT

*Atli Guðlaugsson/Davíð Stefánsson*

Einsöngur: Bjarni Atlason

## VORKVÖLD Í REYKJAVÍK

*Evert Taube/Sigurður Þórarinnsson/úts. Atli Guðlaugsson*

---

---

## VOR VIÐ FLÓANN

Leon René/Jón Sigurðsson/ úts. Atli Guðlaugsson

## FLOTTUR JAKKI

Jimmie Thomas/Kristján Hreinsson/úts. Atli Guðlaugsson

Einsöngur: Bjarni Atlason

## ÚT Í HAMBORG

Jón Sigurðsson/úts. Atli Guðlaugsson

Einsöngur: Bjarni A. Hjaltason, Hjalti Gunnarsson

## KVÖLD Í MOSKVU

Vassili Soloviev-Sedoy/Jónas Árnason/úts. Atli Guðlaugsson

## BARN

Ragnar Bjarnason/Steinn Steinarr/úts. Atli Guðlaugsson

Einsöngur: Bjarni Atlason

## SVÍÐU MEÐ

Luis Demetrio, Pablo Beltrán Ruiz/Krisján Hreinsson/úts. Stefán R. Gíslason

Einsöngur: Bjarni Atlason,

## MY WAY

C. Francois & J. Revaux/úts. Atli Guðlaugsson

Einsöngur: Bjarni Atlason



## Karlakór Hreppamanna 2026

---

### 1. TENÓR

Agnar Jóhannsson, Ísabakka  
Bjarni Arnar Hjaltason, Borgarási  
Brynjar Sigurgeir Sigurðsson, Heiði  
Gísli G. Guðmundsson, Tjarnarbyggð,  
Árborg  
Helgi Ingimarsson, Mosfellsbæ  
Hjálmur Hjálmsson, Flúðum  
Hjálmur Pétursson, Borgarási  
Sigurður Bjarnason, Reykjavík  
Sigurður S. Sveinsson, Reykholti  
Skarphéðinn R. Pétursson, Borg  
Steingrímur Jónsson, Flúðum

### 2. TENÓR

Bjarni Hjörleifsson, Fossi  
Egill Jónasson, Hjarðarlandi  
Guðjón Birgisson, Melum  
Helgi M. Gunnarsson, Flúðum  
Kristján Hrafn Arason, Mosfellsbæ  
Páll Jóhannsson, Núpstúni  
Svanur Helgi Einarsson, Tungufelli  
Úlfhéðinn Sigurmundsson, Haga



---

## 1. BASSI

Einar Á. Sæmundsen, Daltúni  
Eiríkur Ágústsson, Silfurtúni  
Erlingur Bjarnason, Eyraðakka  
Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum  
Gunnlaugur Magnússon, Miðfelli  
Gylfi Þorkelsson, Laugarvatni  
Karl Hallgrímsson, Flúðum  
Ólafur Ólafsson, Akranesi  
Sigurjón Sigurðsson, Kotlaugum  
Snorri Jóhannesson, Syðra-Langholti

## 2. BASSI

Aðalsteinn Þorgeirsson, Hrafnkelsstöðum  
Bjarni Jónasson, Unnarholtskoti 3  
Grímur Guðmundsson, Ásatúni  
Hjalti Gunnarsson, Kjóstöðum  
Jómundur Atli Bjarnason, Tindum Kjalarnesi  
Páll Kristján Svansson, Reykjavík  
Loftur S. Magnússon, Krika  
Ólafur Kristinn Bjarnason, Tindum Kjalarnesi  
Sigmundur Jóhannesson, Syðra-Langholti  
Sigurður Björgvinsson, Selfossi  
Sigurður I. Jóhannsson, Syðra-Langholti 4  
Þorleifur Jóhannesson, Hverabakka



## Atli Guðlaugsson, stjórnandi

Atli Guðlaugsson er stjórnandi Karlakórs Hreppamanna og býr á Tindum á Kjalarnesi, ásamt eiginkonu, sonum og þeirra fjölskyldum. Þar stunda þau hobbybúskap. Atli er trompetleikari og söngvari og lauk blásarakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Atli starfaði sem tónlistarkennari frá 1977 og þar af sem skólastjóri tónlistarskóla í 35 ár í Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónlistarskóla Eyjafjarðar, Tónskóla Eddu Borg og síðast í Listaskóla Mosfellsbæjar í 17 ár. Atli var stjórnandi Lúðrasveitar Akureyrar í 18 ár og Hljómveitar félags harmonikuunnenda við Eyjafjörð í 15 ár. Þá hefur hann stjórnað Karlakór Akureyrar, Karlakór Eyjafjarðar, Karlakórnum Stefni, Grundartangakórnum og Sprettskórnum (áður Gustskórnum). Atli hefur samið lög og texta og útsett mikið fyrir karlakóra og sönghópa.

Sem tónlistarmaður hefur hann alltaf verið virkur trompetleikari og sungið í og stjórnað eftirfarandi sönghópum: Karlakvintettinum Galgopum í Eyjafirði, Borgarkvartettinum og Tindatríoínu.

Tindatríoíð hefur verið starfandi frá 2003 og er skipað Atla og sonum hans, Bjarna og Guðlaugi. Þeir Bjarni og Guðlaugur hófu báðir sinn karlakórsferil 16 ára gamlir og hafa lokið framhaldsprófi í söng frá Listaskóla Mosfellsbæjar. Bjarni er einsöngvari með Karlakór Hreppamanna í vetur og hefur oft komið fram sem einsöngvari með kórum.

Í söngferð Karlakórs Hreppamanna og Sprettskórsins til Vesturheims s.l. sumar var Atli sæmdur gullmerki Sambands íslenskra karlakóra fyrir störf sín sem kórstjóri í rúma fjóra áratugi. Þá á Atli tvo afadrengi í kórnum, þá Jómund Atla og Ólaf Kristinn Bjarnasyni, sem báðir gengu til liðs við kórinn 14 ára gamlir.



## *Sigurður Helgi, píanóleikari*

Sigurður Helgi lauk framhaldsprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum á Akureyri 2004 og BM gráðu frá Berklee College of Music í Boston 2011 með aðaláherslu á hljómsveitarstjórn, kvikmyndatónsmíðar og píanóleik. Hann hefur starfað jöfnum höndum sem klassískur og rytmískur píanóleikari ásamt því að stjórna, kenna, útsetja og semja. Hann hefur komið að ýmsum óperu- og söngleikjauppfærslum hjá áhuga- og atvinnuleikfélögum í gegnum tíðina, meðal annars sem tónlistarstjóri í sýningum Sviðslistahópsins Óðs á óperunum Ástardrykknum, Don Pasquale, og Póst-Jóni í Þjóðleikhúskjallaranum á árunum 2021-2024.

Sigurður Helgi hefur stjórnað Karlakór Kópavogs frá árinu 2022.



## *Bjarni Atlason, einsöngvari*

Bjarni lauk framhaldsprófi frá Listaskóla Mosfellsbæjar árið 2012 hjá Hafsteini Þórólfssyni. Áður hafði hann stundað nám hjá Bergþóri Pálssyni við Söngskólann í Reykjavík á árunum 2002-2005, þar sem hann lauk miðprófi. Söngnámið hófst árið 1993

hjá Þuríði Baldursdóttur við Tónlistarskóla Eyjafjarðar og eftir að fjölskyldan fluttist suður, tóku við einkatímar hjá Jóhanni Smára Sævarssyni.

Bjarni hefur sungið með fjölmörgum kórum sem einsöngvari og kórmaður auk þess að koma fram með Tindatríóinu sem þeir feðgar skipa. Einnig hefur hann tekið þátt í ýmsum leiksýningum, auk tónleikaraða, að ógleymdum fjölda útfara og brúðkaupa.



## Matthías Stefánsson, *Fiðluleikari*

Matthías Stefánsson nam fiðluleik við Tónlistarskóla Akureyrar frá fimm ára aldri til sextán ára aldurs. Fyrstu tíu árin hjá Lilju Hjaltadóttur og síðasta árið hjá Önnu Podhajska ásamt því að sækja tíma til Guðnýjar Guðmundsdóttur. Matthías tók 7. stig í fiðluleik frá Tónlistarskólanum á Akureyri en lauk svo burtfaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 2002, undir handleiðslu Mark Reedmann ásamt því að stunda nám í gítarleik við Tónlistarskóla F.Í.H.

Matthías hefur verið starfandi tónlistarmaður síðan 2002 ásamt því að kenna á fiðlu og gítar. Matthías hefur spilað á yfir 150 geisladiskum fyrir listamenn eins og Björk, Sigurrós, Egil Ólafs, Pál Rósinkrans, Ríó tríó, Jóhann Friðgeir, Ragga Bjarna, Síðan skein sól, Reiðmenn vindanna, Bjarna Ara, Brimkló, Ellen Kristjáns, Sniglabandið, Friðrik Ómar, Hönnu Dóru Sturludóttir, Margréti Eir, Sigurgeir Sigmunds, Ásgeir Óskarsson, Herbert Guðmundsson, Magna Ásgeirsson, Pápana, Stefán Hilmarsson, Regínu Ósk, Heru Björk, South river band, Björgvin Halldórsson, Sigurð Flosason og Sigríði Beinteinsdóttur svo einhverjir séu nefndir.

Matthías hefur starfað með flestum þekktari tónlistarmönnum Íslands og verið starfandi meðlimur í ýmsum hljómsveitum, tekið þátt í fjölda leikrita/söngleikjum og tónleikauppfærslum og sem tónlistarmaður hjá Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu, Íslensku Óperunni, Íslenska dansflokknum, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Matthías hefur samið tónlist og útsett fyrir listamenn ásamt því að hafa komið tveim lögum í úrslitabætti fyrir val á lagi fyrir Söngvakeppni sjónvarpsins.



*Frá vinstri, Karl Hallgrímsson, Hjalti Gunnarsson, Bjarni Arnar Hjaltason, og Hjálmur Hjálmsón*

## **KARL HALLGRÍMSSON 1. BASSI /MANDOLÍN/RAF BASSI**

Karl starfar sem stjórnandi og kennari í grunnskóla. Hann hefur frá unglingsaldri haft tónlistarflutning að aukastarfi og áhugamáli og gerir talsvert af því að syngja og spila á mannfögnuðum, ýmist einn eða með öðrum.

Árið 2011 sendi Karl frá sér hljómplötuna Héðan í frá og 2015 plötuna Draumur um koss. Á plötunum eru lög og textar eftir hann sjálfan. Karl hefur sungið í blönduðum kórum en hann er nýliði í Karlakór Hreppamanna. Eini áfangi formlegrar tónlistarmenntunar sem Karl hefur lokið er grunnpróf í söng. Það tók hann frá Tónlistarskóla Akraness 2004 undir leiðsögn Elfu Margrétar Ingvarsdóttur. Karl hefur einlægán áhuga á íslenskri dægurtónlist og hefur gert þætti og þáttaraðir um hana fyrir Rás 2.

## **HJALTI GUNNARSSON 2. BASSI**

Hjalti er einn af stofnfélögum kórsins og var formaður árin 2019- 2022. Söngur og leiklist hafa aldrei verið langt undan í lífi Hjalta. Hjalti kemur frá söngelsku heimili í Fossnesi í Gnúpverjahreppi þar sem hestamennska og fjárbúskapur var stundaður af kappi. Hann tók þátt í fjölmörgum leikuppfærslum í Árnesi m.a. lék hann Skugga-Svein í samnefndu leikriti svo og í „Pilti og stúlku“. Í báðum þessum verkum er mikið um söng.

Síðar flutti Hjalti að Kjóastöðum í Biskupstungum og gerðist ferðapjónustubóndi. Hjalti hélt uppteknum hætti eftir að hann flutti í Tungurnar og tók þátt í nokkrum leikuppfærslum þar.

Kjalferðir með ferðamenn voru uppistaðan í ferðaþjónustunni og er talið að hann hafi farið ekki færri en 300 ferðir yfir Kjöl. Hluti af upplifun ferðamanna í þeim ferðum var söngurinn á kvöldvökunum og að sjálfsögðu stjórnaði Hjalti öllu. Hjalti er gæddur sama eiginleika og sonur hans Bjarni að vera fljótur að læra bæði lög og texta. Hann er þar að auki einstakur sögumaður og eftirherma og kann þær ófáar sögurnar.

## **BJARNI HJALTASON 1. TENÓR**

Bjarni sem býr að Borgarási, rétt utan við Flúðir ásamt fjölskyldu hefur verið félagi í Karlakór Hreppamanna frá 2010. Hann er einn af máttarstólpum kórsins og var formaður kórsins árin 2021-2025.

Bjarni er alinn upp við söng frá blautu barnsbeini því mikið var sungið á æskuheimili hans og einnig í Þjórsárskóla í Gnúpverjahreppi þar sem Þorbjörg Jóhannsdóttir kennari lét nemendur sína syngja daglega á göngum skólans. Þar var sungið blaðalaust og býr Bjarni enn að því uppedi því hann á mjög auðvelt með að læra bæði lög og texta. Bjarni er hestamaður mikill og hefur stundað fjallferðir alla tíð bæði í fjárleitum og ferðum yfir Kjöl með ferðamenn ásamt föður sínum Hjalta Gunnarssyni. Þar er jafnan mikið um söng og þar hefur Bjarni ekki látið sitt eftir liggja.

Enn sem komið er reis ferill Bjarna hæst er hann tók þátt í Söngvakeppni framhaldsskólanna sem bakraddarsöngvari og fulltrúi Bændaskólans á Hvanneyri. Lagið sem þeir skólafélagar fluttu hét því frumlega nafni „Kyntröll númer 1.“

## **HJÁLMMUR HJÁLMSÓN 1. TENÓR**

Hjálmmur hefur verið dyggur félagi í karlakórnum og mikilvægur frá árinu 2010. Það ár stóð Karlakór Hreppamanna fyrir hinu mikla Kötlumóti sem var kóramót íslenskra karlakóra sunnan heiða auk þess sem finnskur karlakór mætti til leiks. Þar voru saman komnir 600 karlar á einu sviði í „Límtréshöllinni“ og sungu stórfengleg íslensk karlakórslög. Þetta var mikil eldskírni fyrir hinn unga Hjálmmur en hefur orðið til þess að hann hefur haldið trygð við kórinn síðan.

Snemma fór að bera á góðum sönghæfileikum Hjálms og Edit Molnár tónlistarkennari í Flúðaskóla og fyrsti stjórnandi Karlakórsins til 20 ára, lét Hjálmmur ásamt Kjartani Sigurðssyni syngja einsöng með Karlakórnum á tónleikum. Lagið var „Allsherjar drottinn“.

Hjálmmur er alinn upp við mikinn söng. Faðir hans er félagi í kórnum og móðir hans hefur einnig sungið í kórum. Áhugamál fjölskyldu Hjálms er hestamennska, fjallferðir og söngurinn aldrei langt undan.



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Grímsnes- og Grafningshreppur

veitliðan fyrir alla


# ÁSKRIFT Í SUND OG LÍKAMSÆKT AÐEINS **3.000** KR/MÁNUÐI


- ✓ Ný tæki
- ✓ Yoga og þreksalur
- ✓ Möguleiki á 24/7 aðgengi
- ✓ Opíð frá 9:30-21:30

## ÁSKRIFTARLEIÐIR



 [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)

 480-5530

 Skólabraut 2, Grímsnes- og  
Grafningshreppur.

# Vöruflutningar



Reykjavík – Selfoss – Uppsveitir Árnassýslu – Flúðir

**Alla virka daga**

Brottför frá Flúðum kl. 08:00

Brottför frá Reykjavík kl. 12:00

**Við keyrum einnig vörum og tækjum um allt land**

**FRAKT LAUSNIR**

fraktlausnir.is / fraktlausnir@fraktlausnir.is / Sími 519-2150



FÓÐURLANDAN

...gæði í hverri gjöf!



## Fóður sem bændur þekkja!

Fóðurlandan framleiðir fóður fyrir nautgripi, fiðurfé, eldisfiska, hesta, kanínur, hunda, sauðfé og svín. Fóðrið er afrakstur stöðugra rannsókna og endurbóta, sem tryggir heilbrigði dýranna og eykur afurðir.



[www.fodur.is](http://www.fodur.is)  
[fodur@fodur.is](mailto:fodur@fodur.is)

FB Reykjavík  
Kornгарðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hvolsvöllur  
Duftþaksbraut 1  
570 9850

SENDUM UM  
ALLT LAND



Bændamarkaður á Flúðum  
Seljum íslenskar gæðavörur  
beint frá bónda og  
smáframleiðendum

Opið alla daga  
kl. 10-17

Melar, 845 Flúðir



Traut þjónusta fyrir íslenskan landbúnað

## Eru vélarnar bilaðar ?

**Við sinnum viðgerðum,  
viðhaldi og bilangreiningu á  
öllum gerðum dráttarvéla,  
landbúnaðartækja og  
vinnuvéla**

Við þjónustum m.a:  
Dráttarvélar  
Heyvinnuvélar  
Vinnuvélar  
Jarðvinnutæki  
Smurþjónustu á öllum tækjum

Hringdu í síma 4823548 eða  
bókaðu tíma á [www.vela.is](http://www.vela.is)



# NÝR TOYOTA C-HR+



Toyota  
Selfossi



100% **RAFMAGNSBÍLL**  
MEÐ ALLT AÐ **600 KM DRÆGNI\***



TOYOTA C-HR+ 77 kWh  
VERÐ FRÁ **8.090.000 kr.**

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Selfossi Fossnesi 14 480 8000



UMhverfisvæð og atvinnuleg  
UMhverfisvæð og atvinnuleg

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur. \*Þessi drægni á við um 18" Active Plus FWD (skv. WLTP)



**Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Fjölskylduvænt samfélag**

Grunnskóli  
Leikskóli  
Tvær sundlaugar  
Náttúruperfur  
Nægt lóðaframboð





Verið velkomin  
[www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

# HÓLABÚÐIN



## LAUGARDALSHÓLAR

BEINT FRÁ BÝLI

Í Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir [Laugardalshólar](#).

Opnunartími verslunar er

Vetraroponun		Sumar opnun frá og með 20 júní	
Mán-miðvikudag	Lokað	mán-fimmtudag	11-17
fimmtudag	13-17	föstudag	11-18
Föstudag	13-18	laugardag	11-17
Laugardag	12-17	sunnudag	13-16
Sunnudag	Lokað		

Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.



# BLIKK EHF

ÞEKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA  
SÍMI 482 2040



# Hús og hallir fyrir hesta

sem kalla fram það besta  
hjá mönnum og dýrum



**Limtrevirnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350



# MOUNTAINEERS OF ICELAND



**Jón Hákonarson**  
rafvirkjameistari / electrician

---

Sími / Tel. 669 0095 · 6690095@gmail.com



## **B. Kóngur ehf** **Hestaflutningar**

Flyt hross um allt land, geri  
tilboð í flutning á hópum.

Tveir bílar, 18 og 11 hesta.

**Sími: 894-9758**

*Welcome*  
**RESTAURANT MIKA**

VIBRANT CUISINE AND HANDMADE CHOCOLATE



Skólabraut 4, 801 Reykholt | [mika.is](http://mika.is)







**PÁLMATRÉ**  
BYGGINGAVERKTAKI



Framúrskarandi  
fyrirtæki



VANDAÐAR ÍBÚÐIR FYRIR SÖNGELSKA !

[WWW.PALMATRE.IS](http://WWW.PALMATRE.IS)



Útfararþjónusta  
í 30 ár



Gísli G. Guðmundsson



Svanhildur Eiríksdóttir



Linda Dögg Sveinsdóttir

Sími 482 4300 • [www.fylgd.is](http://www.fylgd.is) • [fylgd@fylgd.is](mailto:fylgd@fylgd.is)

**PRENTUM**  
*í einum grænum*

Vatnagarðar 14, 104 Reykjavík  
563 6000 | [litrof@litrof.is](mailto:litrof@litrof.is) | [www.litrof.is](http://www.litrof.is)



**LITRÓF**  
umhverfsvottuð prentsmiðja

ISLENSK HÖNNUN - ISLENSK FRAMLÆIÐSLA

BETRI SVEFN Í YFIR 75 ÁR

*Finndu þinn draumastað*



**Vogue**  
75 ÁR MED ÞÉR



Góða skemmtun á vortónleikum

Karлакórs Hreppamanna

*Bestu kveðjur frá Friðheimum*



Matur, drykkur, fundaraðstaða og viðburðir

*Opð alla daga frá kl. 12:00 til 22:00 / eldhúsið opð til kl. 20:00  
sjá meira á [www.vinstofa.fridheimar.is](http://www.vinstofa.fridheimar.is)*



## VORVINDAR

*Páll Helgason / Richard Bennett*

Þegar hlýir vorsins vindar  
vetrar leysa klakabönd,  
grænka taka tún og rindar,  
tíbrá vefur dal og strönd.

Heim úr suðri fuglar fljúga,  
fylla loftið gleðisöng,  
kátar öldur kletta gnúa,  
kvöldin verða björt og löng.

Vorsins ungi undramáttur  
öllu lífi fögnuð býr,  
og þessi kviki andardráttur  
öllum svalar, mildur, hlýr.

Aldnir hugir aftur finna  
æsku sinnar draumalönd,  
sjá í veröld vona sinna  
við sér hlæja bláa strönd.

## NÚ KEMUR VORIÐ

*Sigurður Óskar Pálsson / Birni Dam*

Nú kemur vorið sunnan að  
og sólin bræðir ís,  
við sendna strönd í fjarðarbotni  
lítil alda rís  
og hvíslar: það er langt síðan ég lagði'  
af stað til þín.  
Nú loks ég finn að komin er ég,  
komin heim til mín.

Úr draumi frá í vetur enn ég  
þekki þessa strönd.  
Nei, þannig fengu' ei heillað suðræn  
ævintýralönd  
Ó, strönd míns lands, mig dreymdi að  
ég  
deyja ætti hér.  
Minn draumur rætist því nú hníg ég  
ein að brjósti þér.

## VORIÐ KEMUR

*Jóhannes úr Kötlum / Valgeir Guðjónsson*

Sunnan yfir sæinn breiða,  
sumarylinn vindar leiða,  
draumalandið himinheiða,  
hlær og opnar skautið sitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.

Gakk þú út í græna lundinn,  
gáðu fram á bláu sundin.  
Mundu' að það er stutt hver stundin,  
stopult jarðneskt yndi þitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.

Allt hið liðna' er ljúft að geyma,  
láta sig í vöku dreyma,  
sólskinsdögum síst má gleyma,  
segðu engum manni hitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.

## DÍSIR VORSINS

*Lag og texti: Bjarki Árnason*

Bráðum anda vorsins dísir, djúpt og rótt,  
dagarnir þeir lengjast, nóttin flýr.  
Lofgjörð syngja fuglarnir af ljóðagnótt,  
loftsins ilmur seyðir, hreinn og nýr.

Höfuð hneigja blómin móti blíðri sól,  
blundar silfurdögg á gleym-mér ei.  
Tilfinningar allar þær sem ástin ól eiga griðastað hjá sumarþey.

Þá skulum við koma út í kvöldgeislaflóð,  
kyrrð og friður signa okkar fund.  
Sestu hjá mér vina mín, svo saklaus og góð,  
sælunnar við njótum þessa stund.

Geislafákar leika sér um loftin blá,  
lognöldurnar kveða brúðarlag.  
Enginn skuggi fellur okkar ástir á eftir þennan fagra sumardag.

## VOR Í VAGLASKÓGI

*Kristján frá Djúpalæk / Jónas Jónasson*

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg.  
Við skulum tjalda í grænum berjamó.  
Leiddu mig, vinur, í lundinn frá í gær.  
Lindin þar niðar og birkihríslan grær.  
Leikur í ljósum lokkum og angandi  
rósum.  
Leikur í ljósum lokkum hinn vaggandi  
blær.

Daggperlur glitra, um dalinn færast ró.  
Draumar þess rætast, sem gistir  
Vaglaskóg.  
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.  
Kyrriðin er friðandi, mild og angurvær.  
Leikur í ljósum lokkum og angandi  
rósum.  
Leikur í ljósum lokkum hinn vaggandi  
blær.

## VORNÓTT

*Davíð Stefásson / Atli Guðlaugsson*

Um jökla vafðist júnínóttin blá,  
úr jörðu spruttu silfurtærar lindir.  
Við áttum vor, sem aldrei líður hjá  
og elda sína bak við höfin kyndir.  
Hvort skilur nokkur betur vorsins vé  
en vinir tveir, sem hamingjuna erfa,  
er lífsmagn jarðar laufgar blóm og tré  
og loftin verða blá, en skýin hverfa.

Ég þráði aldrei dagsins dyn og glaum,  
mig dreymdi líf, sem æðri fegurð spáir  
og einni sál ég sagði þennan draum  
og síðan á ég vin, er hjartað þráir.

Við áttum forðum eina slíka nótt  
og ennþá spáir lífið sama vori  
og ennþá get ég eldinn þangað sótt  
og ennþá vaxa blóm í hverju spori.

Sjá aftanroðinn vefst um vog og strönd  
og vafurlogar yfir tindum glóa.  
Við eigum sömu ævintýralönd.  
Um okkur leikur þytur grænna skóga.

## VORKVÖLD Í REYKJAVÍK

*Sigurður Þórarinnsson / Evert Taube*

Svífur yfir Esjunni sólroðið ský,  
sindra vesturgluggar,  
sem brenni í húsunum.

Viðmjúk strýkur vangana vorgolan hlý,  
vaknar ástarþráin í brjóstum á ný.

Kysst á miðju stræti er kona ung og heit,  
keyra Rúntinn piltar, sem eru í stelpuleit.  
Akrafjall og Skarðsheiði  
eins og fjólubláir draumar.  
Ekkert er fegurra' en vorkvöld í  
Reykjavík.

Tjörnin liggur kyrrsæl í kvöldsólarglóð,  
kriurnar þótt amstri og bjástri í  
hólmanum.

Hjúfra sig á bekkjunum halir og fljóð,  
hlustar skáldið Jónas á þrastanna ljóð.

Dulin bjarkarlimi á dúnsins mjúku sæng,  
dottar andamóðir með höfuð undir  
væng.

Akrafjall og Skarðsheiði  
eins og fjólubláir draumar.  
Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík.

Hljótt er kringum Ingólf  
og tæmt þar hvert tár,  
tryggir hvíla rónar hjá galtómum  
bökkunum.  
Svefninn er þeim hóglega siginn á brár,  
sunnanblær fer mildur um vanga og hár.  
Illum er úr grasi og angan moldu frá,

aftansólin purpura roðar vestursjá.  
Akrafjall og Skarðsheiði  
eins og fjólubláir draumar.  
Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík.

## VOR VIÐ FLÓANN

*Jón Sigurðsson / Leon René*

Senn fer vorið á vængjum yfir flóann,  
vaknar allt af vetrarblund um fjöll og  
hlíð.  
Blómin spretta úr jörð og litla lóan  
ljóðar glatt og leikur dátt sín lögin blíð.  
Um hin kyrru, ljúfu kvöld  
er hvíslað létt í skóg,  
hin ástarljúfu orð er angar dögga á grein.

## FLOTTUR JAKKI

*Kristján Hreinsson / Jimmie Thomas*

Tvirilidirilídi, tvirilidirilídi,  
tvirilidirilídi, tvirilidirilídi,  
tvirilidirilídi, tvirilidirilídi, tví, tví.

Ég fékk eitt sinn jakka svo ég fór í hann  
og flestar stelpur þráðu heitt  
að hitta þennan mann,  
sem vildi bara hlusta á hið villta bít.  
Ég vildi bara jakka úr tvít, tvít, tvít.

Flottur jakki... (tvít, tvít, tvít),  
flottur jakki... (tvít, tvirilídi).

Ég átti lakkrisbindi  
og skyrtan hún var skjannahvít.

Helst ég vildi alltaf hlusta' á þetta bít,  
ef heyrist þessi taktur út á gólfið ég þýt.  
Í úrhelli eða sól  
alltaf vil ég heyra rock 'n ról.

Flottur jakki (tvít, tvít, tvít) ...

Buxurnar hjá okkur voru þröngar þá,  
og þá var jafnað skótauíð með mjóa tá.  
Með brilljantín í hárinu ég steig á stökk  
og stelpurnar þær vildu bara heyra rokk.

## ÚT Í HAMBORG

*Lag og texti: Jón Sigurðsson*

Manstu kvöldin okkar út í Hamborg  
og ævintýrin mörgu út í Hamborg?  
Þar gerðist ýmislegt sem enginn veit um  
og aldrei skulum neinum segja frá.

Þú eltir allar stelpur út í Hamborg.  
O, ho ekki varstu betri út í Hamborg.  
Er lagleg hnáta leyndist þar á kvöldin,  
já, lífið var sem dans á rósum þá.

Við dönsuðum og sungum  
þar til dagur risinn var  
og kreistum fast og kysstum  
allar kátustu stelpurnar.  
Já, ég vild' ég væri ennþá út í Hamborg.  
Ég ennþá er með hugann út í Hamborg.  
En kjaftaðu bara ekki upp úr svefni,  
því enginn okkar syndir vita má.

Ljótt var er þú lentir inn í steininn.  
Oo, þeir lokuðu mig þar inni, árans  
beinin.

Hvern fjárann varstu að fara  
inn um gluggann?  
Ha? Nú, ég fór að hitta kvenmann,  
svei mér þá.

En því gastu' ekki gengið inn um dyrnar?  
Oh, sú gamla var sem hundur, bál og  
þynnar.  
En dóttirin var dásamleg, það sver ég  
og dúnmjúk hvar sem tók ég henni á.

Já, en löggan sá á eftir mér  
og óðar komin var,  
mér ekkert þýddi að segja,  
því þeir skyldu mig ekki þar.

Já, ég vild' ég væri ennþá .....

En þegar þú varðst eftir varð ég hissa.  
Já, mér orðið hefur á mörg verri skyssa,  
því betri nætur enginn Íslendingur  
sér átti nokkurn tíma' í þýskri höfn.

Ég skil ekki ég skyldi koma aftur.  
Oh, já, sko þú varst orðinn  
bölvaður fylliraftur.  
En segðu mér, með hverri  
varst' að ... (uss hættu).  
Ég held sko kjafti núna um öll nöfn.

Mér fannst það hlyti að vera  
eitthvað undarlegt við það.  
Nú, ef þú ert með stæla,  
skal ég spæla þig í spað. (O, svona).

Já, ég vild' ég væri ennþá .....

(„Nei, sérðu þessa,  
mikið gasalega er hún hugguleg“  
„ég á eftir henni“,  
„nhei, góði, ég sá hana fyrst“.)

## KVÖLD Í MOSKVU

*Jónas Árnason / Vassili SolovievSedoy*

Eitt sinn einn ég gekk yfir Rauðatorg,  
og mér fylgdi undarleg sorg.  
Ég var ungur þá, haldinn ungri þrá.  
Það var maikvöld í Moskvuborg.

Seinna sat ég einn grænum garði í,  
fuglar sungu dirrindídí.  
Ég var ungur þá, haldinn ungri þrá.  
Það var maikvöld í Moskvubý.

Allt í einu ég unga stúlku sá,  
sem þar stóð og starði mig á,  
bak við rósarunn með sinn rósamunn.  
Það var maikvöld í Moskvu þá.

## BARN

*Steinn Steinarr / Ragnar Bjarnason*

Ég var lítið barn  
og ég lék mér við ströndina.  
Tveir dökkklæddir menn  
gengu fram hjá  
og heilsuðu:  
Góðan dag, litla barn,  
góðan dag!

Ég var lítið barn  
og ég lék mér við ströndina.  
Tvær ljóshærðar stúlkur  
gengu fram hjá  
og hvísluðu:  
Komdu með, ungi maður,  
komdu með!

Ég var lítið barn  
og ég lék mér við ströndina.  
Tvö hlæjandi börn  
gengu fram hjá  
og kölluðu:  
Gott kvöld, gamli maður,  
gott kvöld!

## SVÍFÐU MEÐ

*Kristján Hreinsson - Luis Demetrio/ Pablo*

*Beltrán Ruiz*

Pegar fegurð þína fæ ég séð,  
flýg af stað, svífðu með.  
Ég vil lofa þetta líf með þér,  
ljúfan dans ég svíf með þér.

Og með allt sem hefur áður skeð,  
ég er hér, svífðu með,  
eins og fögur ský sem fljúga hjá  
förum við um loftin blá.

Pegar tónlistin tryllir mitt geð,  
tek ég flugið og þú kemur með.  
Þöndum vængjum með þér burt ég svíf,  
þetta' er yndislegt líf.

Pegar sólin snertir blómabeð,  
bið ég þig, svífðu með.  
Eins og dægurflugur dönsum við,  
dönsum nú hlið við hlið.

## MY WAY

*C. Francois / J. Revaux*

And now, the end is near and  
so I face the final curtain.  
My friend, I'll say it clear,  
I'll state my case, of which I'm certain.  
I've lived a life that's full,  
I've traveled each and every highway.  
And more, much more than this,  
I did it my way.

Regrets, I've had a few,  
but then again, too few to mention.  
I did what I had to do,  
and saw it through without exemption.  
I planned each charted course,  
each careful step along the byway.  
And more, much more than this,  
I did it may way.

Yes, there were times, I'm sure you  
knew,  
when I bit off more than I could chew.  
But through it all, when there was  
doubt,  
I ate it up and spit it out,  
I faced it all and I stood tall,  
and did it may way.

I've loved, I've laughed and cried,  
I've had my fill, my share of losing.  
And now, as tears subside,  
I find it all so amusing.  
To think I did all that,  
and may I say, not in a shy way.  
Oh, no, oh, no, not me.  
I did it may way.

For what is a man? What has he got  
if not him self, then he has not  
to say the things he'd truly feel  
and not the words of one who kneels.  
The record shows I took the blows,  
and did it may way.



TAMNINGAR, ÞJÁLFUN, SALA OG REIÐTÚRAR FYRIR VANA OG ÓVANA

ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUVOGIN  
Efst 9 ár í röð

Tryggjum  
ánægðustu  
viðskiptavinina

Sjóvá hefur verið efst tryggingafélaga  
í Íslensku ánægjuvuginni 9 ár í röð

Sjóvá | sjova.is | 440 2000 | sjova@sjova.is

SJÓVÁ



## Af Vesturferðinni miklu

Það var hinn 30. júlí 2025 sem Karlakór Hreppamanna lagði, ásamt Sprettskórnum, upp í mikla reisu. Ferðinni var heitið vestur um haf og meginmarkmiðið þátttaka í hátíðarhöldum í Vesturheimi vegna 150 ára afmælis landnáms Íslendinga í Gimli, Kanada. Íslendingadagurinn er haldinn hátíðlegur ár hvert þar í Nýja-Íslandi, um verslunarmannahelgina, en einnig „sunnan við línu“, í Görðum og Mountain í Norður-Dakota þar sem einnig var landnámsbyggð Íslendinga, m.a. Stephans G. Stephanssonar.

Daginn eftir, 31. júlí, gafst tími til að skoða Minneapolis, og hliðar- og höfuðborgina Saint Paul, en þarna ekki langt undan eru upptök hins mikla fljóts, Mississippi, í Itasca-vatni, sem rennur svo niður slétturnar miklu alla leið í Mexikóflóa. Dágóður hópur fór til St. Paul og skoðaði sig um þar en aðrir fóru í smærri hópum eða á eigin vegum í rannsóknarferðir. Borgin byggðist upp við ármót og þar í Mississippi er fosskríli sem gat knúið myllur og fyrr á árum var þarna miðstöð hveitiframleiðslu í Bandaríkjunum, raunar ein sú mikilvægasta í veröldinni, og nægir að nefna „Pillsbury“ því til sönnunar.

Ágústmánudur rann upp og dagurinn var tekinn snemma, því framundan var 9 tíma rútuferð frá Minneapolis til bæjarins Grand Forks í Norður-Dakota, með viðkomu í smábænum Alexandríu, þar sem skoðað var áhugavert Landnemasafn.

Rútuferðin var upplifun fyrir íslenska sveitamenn, endalausir heiti- og máisakrar, trjálundir eins og eyjar í úthafi, og lítil stöðuvötn á víð og dreif. Það vakti nokkra athygli ferðalanga að í þessum heimshluta hefur „umhverfisvitund“ ekki numið land. Á hótélum er etið af einnota pappadiskum með einnota plasthnífapörum og kaffið drukkið úr einnota pappamálum. Allt fer svo í sama dallinn, matarleifar, plast og pappi, og fæst af þessu mikill sparnaður í starfsmannahaldi og uppþvottavélum.

Daginn eftir, 2. ágúst, tók alvaran við. Ekið var til vesturíslenska smábæjarins Mountain þar sem voru mikil hátíðarhöld. Þetta var heilmikil upplifun, kórinn settur upp á vagna sem fornir Dýra-Jónar drógu með sínum vinalegu vélarshellum. Að hátíðinni lokinni var ekið að Þingvallakirkjugarði, þar sem er minnismerki um Káinn og leiði hans. Þaðan lá leiðin að landnámi Stephans G. í Görðum, hvar er veglegur minnisvarði um skáldið.

Nú var stefnan sett á Winnipeg í Kanada. Við landamærin hófust ævintýrin. Leitað var bæði að skotvopnum og ótolluðu áfengi, með afleiðingum, sem um var ort:

*Af setunum sár í rassi,  
en samveran fyrsti klassi.  
Nú skrælnar úr þurrki  
af langferðaskurki  
allt - nema blauti bassi.*

*Þau leituðu vínsins, og vopna,  
og vildu þokana opna.  
En einhver kallaði æstur:  
„Er á kamrinum læstur!!!“  
Athyglin að þessu teymdist  
svo áfengissmyglið allt gleymdist.*

Að morgni 3. ágúst bauð Arinbjörn fararstjóri upp á leiðsögn um helstu slóðir hinna gömlu Íslendingabyggða í Winnipeg, forvitnileg ganga um Goolies-hverfið, en það voru Íslendingarnir kallaðir í daglegu tali. Um miðjan dag var

haldið til Gimli við Winnipegvatn, þar sem aðalhátiðarhöldin fóru fram. Gimli er tvímælaust mest aðlaðandi bærinn sem við heimsóttum. Kórinn söng sína aðaltonleika á hátíðarsviðinu, og einnig fyrir þakkláta hlustendur á elliheimilinu í Gimli.

Enn var ekið til Gimli þann 4. ágúst, sem var aðalhátiðardagurinn. Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, bar þar af mörgum góðum ræðumanninum og kórinn söng þjóðsöngva Kanada, Íslands og Englands.

Segja má að hinni formlegu dagskrá væri nú lokið, þó ýmislegt væri enn eftir. Þann 5. ágúst var haldið til Árborgar, fyrst á Víðines, en þar tóku íslenskir „flóttamenn“ land þann 22. október 1875, í aftakaveðri, á leið sinni á fyrirhugaðan áfangastað lengra norður með Winnipegvatni. Þetta var upphafið, og undir steini á vatnsbakkanum fæddist um nóttina fyrsti Íslendingurinn á Nýja-Íslandi, Jón Ólafur Jóhannsson. Við steininn er nú minnisvarði um atburð þennan. Frá Víðinesi lá leiðin á byggðasafnið í Árborg. Fyrirmyndin að því er Árbæjarsafn í Reykjavík. Húsakostur og landbúnaðartæki frá landnemum af ýmsu þjóðerni; íslensku, úkraínsku, pólsku, frumbyggja o.fl.

Frá Árborg hélt hópurinn út í Hekluveyju, sem einnig er nefnd Mikley. Þar áttum við skemmtilega stund í kirkjunni með íslenskættuðum hjónum sem fræddu okkur og sungu fyrir okkur sálm. Kórinn tók lagið í kirkjunni og feðgarnir Bjarni og Atli sömuleiðis.

Síðustu tvær næturnar var hópurinn í Toronto. Fyrsti dagurinn þar hófst á því að helftin úr hópnum fór að Niagarafossum, og lenti í ýmsum ævintýrum. En fossarnir eru stórfengleg og ógnarkraftmikil náttúrusmið sem engan lætur ósnotrinn.

Heimsóknin á slóðir Vestur-Íslendinga var stórmögnuð í alla staði. Móttökurnar ótrúlegar, og ekki síst merkilegt að finna hve glatt stoltið af upprunum logar enn.

Lent var í Keflavík að morgni 9. ágúst og allir komust heilir heim.

Nánar má lesa um ferðina á heimasíðu kórsins:

<https://kkh.is/2025/08/24/af-vesturferdinni-miklu/>



# DAGLEGAR FERÐIR

## SELFOSS-REYKJAVÍK-SUÐURLAND



## FARANGURSBOX

Ítölsk hágæða farangursbox í mörgum stærðum og gerðum

### Modula Evo

Svart glans



400 lítra  
470 lítra  
550 lítra

### Modula Falcon

Svart glans / Svart matt



400 lítra  
470 lítra  
550 lítra

### Modula Ciao

Svart glans



400 lítra  
470 lítra  
550 lítra

### Modula ReLoader

ReCargo Base grind + ReLoader box



### Modula Wego

Svart glans



500 lítra

### Pakbogar

Mikið úrval af pakbogum



Poulsen | Skeifunni 2 - 108 Reykjavík  
530 5900 | [www.poulsen.is](http://www.poulsen.is)

**POULSEN**



# Eco Garden

BETRI LAUSNIR – BÆTTUR ÁRANGUR

Fjölbreyttar lausnir fyrir alla bændur fást hjá okkur. Plastpressur, Sáðvörur, Stæðuyfirbrelðslur og margt fleirra.

Hafið samband við okkur í síma 487-8910 ef áhugi vaknar á vörum okkar.



☎ 487-8910

Höfuðstöðvað  
Eco-Garden.is

📧 Email: [Gudmundur@eco-garden.is](mailto:Gudmundur@eco-garden.is)

# ÞÁ bílar

Þjóðum allar stærðir hópbíla

511-5510

[tabilar@tabilar.is](mailto:tabilar@tabilar.is)



[WWW.SOLPALLUR.IS](http://WWW.SOLPALLUR.IS)



**SÓLPALLUR**  
*Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki*



**GB Hús**

NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI

Sími 848 0964



*Lögmannsstofa*  
ÓLAFS BJÖRNSSONAR

EYRAVEGI 15, 800 SELFÖSS  
OLAFUR.IS|OLI@OLAFUR.IS|416 2220

Nýr  
Fendt  
500 Vario!

**FENDT**  
fendt.com | Fendt is a worldwide brand of AGCO.



## Nýtt og byltingarkennt starfsumhverfi með FendtONE.

Hornsteininn bak við alla nýsköpun hjá Fendt er að taka eitthvað stórkostlegt og gera það betra. Nýja Fendt vinnuumhverfið býður fleiri skjái og aðgengilega stjórnrofa, með öllum þessum frábæru Fendt eiginleikum. Nýir Fendt eigendur munu samstundis upplifa sig á heimavelli.



Gerðust áskrifandi að fréttabréfinu  
mína á [www.fendt.com/500](http://www.fendt.com/500)

 **VÉLFANG** – VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • [www.velfang.is](http://www.velfang.is) • Óseyri 8 • 603 Akureyri

It's Fendt. Because we understand Agriculture.




## Alhliða verktaki í byggingariðnaði

---

 **763 4040**

 **probygg@probygg.is**

 **Probygg.is**



# Velkomin í Herrahúsið



Til þjónustu reiðubúnir

Herrahúsið Ármúla 27, 108 Reykjavík

S. 551-7575 og 552-9122



# **B.R. Sverrisson ehf**

Norðurhófi 6, 845 Flúðum

**Sími: 864 2499**



**Við erum  
betri saman**





GRÖFUTÆKNI

# ALHLIÐA VERKTAKAÞJÓNUSTA

Tökum að okkur alla alhliða gröfuvinnslu fyrir sumarbústaði, einbýlishús og sveitabæi.

Athugið að við byggjum á áralangri reynslu í allri venjulegri og óvenjulegri jarðefnavinnslu.



Beltagröfur  
Traktorsgröfur  
Smágröfur  
Jarðýtur  
Niðurdráttarplógur  
fyrir vatnslagnir  
Efnisflutningar  
Vélaflutningar  
Framræsla

Sími 486 6716 - Hörður 893 5457 - Þórarinn 893 5456  
Gröfutækni ehf. - lðjuslóð 1 - 845 Flúðir - [gt@stedji.is](mailto:gt@stedji.is)



Landsvirkjun



**Bláskógabyggð**





**Sölufélag**  
gardyrkjumanna

# Íslenskt grænmeti



[islenskt.is](http://islenskt.is)

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Karlakór Hreppamanna.  
Kórinn kann þeim og auglýsendum bestu þakkir fyrir og hvetur  
tónleikagesti til þess að nýta sér þjónustu þessara góðu fyrirtækja.

---

**Baggamunur; bókhalds-og  
skattapj.**

Berghyl, 846 Flúðir (dreifbýli)

**Bifreiðaverkstæðið Toppur**

Skemmuvegur 34, 200 Kópavogur

**Búnaðarfélag Gnúpverja**

Skarði, Skeiða- og Gnúpverjahj.

**Búnaðarfélag Hrunamanna**

Núpstúni, 846 Flúðir

**Dalbær 1 ehf.**

Dalbæ 1, 846 Flúðir

**Dýralæknaþjónusta Suðurlands**

Stuðlum, Ölfusi

**Ferðaþjónustan Úthlíð 2**

Úthlíð 2, Bláskógabyggð

**Fjallafrúin – saumar**

Tungufelli, 846 Flúðir

**Fossvélar ehf.**

Hellismýri 7, Selfossi

**Geysir-hestar**

Kjóstöðum 2, Bláskógabyggð

**Grænagerði ehf.**

Miðfelli 1, Flúðum ( dreifbýli )

**Gufuhlíð ehf.**

Reykholti, Bláskógabyggð

**Hársnyrtistofa Österby ehf.**

Austurvegi 33-35, 800 Selfoss

**Hjalti Ragnarsson rafvirki**

Ásakoti 2, Bláskógabyggð

**Hnúkur slf.**

Miðfelli 4, 846 Flúðum (dreifbýli)

**Hverabakki ehf.**

Hverabakka II, 846 Flúðum (dreifbýli)

**Kökugerð HP**

Gagnheiði 15, Selfossi

**Lestur og bútar ehf.**

Túngötu 28, Eyrarbakka

**Margeir Ingólfsson**

Brú, Bláskógabyggð

**Myllan – ORA ehf**

Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík

**Mjólkursamsalan ehf.**

Bitruhálsi 1 110 Reykjavík

**Skálholtsstaður**

**Skrifstofuvörur ehf.**

Skútuvogi 11, 104 Reykjavík

**Söðlasmíðav. Jóns Sigurðss. ehf.**

Fögruhæð 2, 210 Garðabæ

**Torfhús Retreat hótél ehf.**

Dalsholti, Bláskógabyggð

**TRS-raf ehf.**

Gagnheiði 26, 800 Selfossi

**Ullarverið ehf.**

Borgarási, 846 Flúðir

# Hreppasmiðirnir

Góðir í viðhaldinu og góðir með hamarinn!



**Loftur Sn. Magnússon**

Sími: 896-0812

loftursm@gmail.com

**Einar Logi Sigurgeirsson**

Sími: 899-5639

einarlog@simnet.is



## Viltu ná forskoti á markaðinum?

Við sameinum tækni og sérfræðisþekkingu svo þú náir árangri.

PwC  
Austurvegi 56, 800 Selfoss & Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur  
is\_selfoss@pwc.com







**Flúðaverktakar hf.**  
Ísabakka  
846 Flúðir  
Agnar 893-0974



**LAGNIR**



**LANDSLAG**



**JÁVERK**



# Borgthor ehf.



**Fleiri þjónustur  
Meiri fríðindi!**



**Ál er okkar mál**

## Nýtt líf með áli!

Fjöldmörg hús hafa gengið í gegnum endurnýjun lífdaga með glæsilegum álkæðningum frá Áltaki.

Kostirnir eru ótvíræðir: Fallegra hús - Ekkert viðhald  
Minni kyndingarkostnaður - Áratuga reynsla.



Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)



# FONTANA

LAUGARVATNI



HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ  
YKKUR Í SUMAR


FONTANA.IS





Allt fyrir garðyrkjubændur  
Áburður frá Brøste  
Lífrænar varnir frá Koppert  
Dúkar  
Mold  
Pottar  
Gler  
Vökvunarkerfi  
Priva tölvukerfi  
Grodan steinull

***NPK ehf • Reykási • 845 Flúðir***



## RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA



**Við höldum samfélaginu  
á hreyfingu**

RARIK.IS

RARIK@RARIK.IS



**PÍPULAGNIR**  
**SUÐURLANDS**

 **699 1985**

 **482 7880**



**Söngurinn léttir þér lífið!  
Það gerum við líka!**

Tökum að okkur bókhald og uppgjör fyrirtækja,  
skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila.  
Leggjum áherslu á persónulega þjónustu.

**Fjárheimar ehf.**

Eyravegi 37 - 800 Selfoss  
Sími 482 3445

# Lely Center Ísland




## Verið velkomin í nýja og stærri verslun okkar að Krókhálsi 5f í Reykjavík

Við erum flutt upp um eina hæð – aðkoma frá Krókhálsi



**Reykjavík** Krókhálsi 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – vbl.is



# Alltaf velkomin, kæru nágrannar



*Gisting – gjafabréf – happy hour – veitingastaður – tónlist – heitir pottar – viðburðir – slökun*



# GIANT®

HEIL FJÖLSKYLDA AF LIÐLÉTTINGUM



G1200



GS850T



G2300 HD



GT5048



G2700 HD+



G3500

